

Umhverfisverðlaun 2024 – Bókasafn Reykjanesbæjar

Umhverfisviðurkenningar Reykjanesbæjar eru veittar annars vegar einstaklingum og hins vegar fyrirtækjum sem viðurkenning fyrir fallega garða og vel hirtar lóðir og umhverfi. Með viðurkenningum vill Reykjanesbær hvetja bæjarbúa til að hugsa vel um nærumhverfi sitt og verðlauna þá sem skara fram úr í snyrtimennsku og umhirðu garða sinna.

Umhverfis- og skipulagsráð fer með framkvæmd verðlaunanna í samvinnu við starfsmenn Reykjanesbæjar. Auglýst er eftir tilnefningum á vefsíðu bæjarins og er unnið úr þeim nafnlaust.

Tilnefning frá íbúum:

– Vatnsnes: Vel heppnað samstarf Hótel Keflavíkur og sveitarfélagsins Reykjanesbæjar.

Steinþór Jónsson hótelstjóri.

Fyrirtæki:

– Hótel Berg: Falleg hönnun húss og snyrtilegt umhverfi. **Ivana Covic aðstoðar hótelstjóri og Anna Gréta Hafsteinsdóttir starfsmaður Gistivers og fyrrverandi Hótelstjóri.**

Viðhald á eldra húsi:

– Brons: Falleg endurbygging á eldra húsi. **Þorsteinn Þorsteinsson**

Einkagarður:

– Smáratún 7: Fallegur, snyrtilegur og fjölskrúðugur einkagarður.

-Kristinn Herbert Jónsson og Ólöf Kristín Guðmundsdóttir

Samfélagsverðlaun:

– **Sigurjón Þórðarson:** Fyrir ómetanlega sjálfböðavinnu í þágu skógræktar á Suðurnesjum.

Sigurjón hefur leitt starf Skógræktarfélags Suðurnesja um áraraðir og átt í mjög góðu samstarfi við garðyrkjudeild Reykjanesbæjar.